



Bréf sent prestum, djáknum,  
organistum, sóknarnefndum og  
útfararstjórum

Reykjavík 12. janúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Áfram þróum við starfsemi okkar í ljósi breytinga á sóttvarnareglum. Ný reglugerð heilbrigðisráðherra, tekur gildi á morgun, en hana má í heild lesa hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/01/08/COVID-19-Takmarkanir-a-samkomum-rymkadar-fra-13.-januar/>

Nú förum við vonandi að sjá til sólar í þessum efnum og getum hægt og sígandi hafið á ný hið hefðbundna kirkjustarf. Strax núna viljum við horfa til ferminganna, sem hefjast víðast hvar í mars. Samhliða því að senda ykkur þetta bréf, erum við að vinna að því með sóttvarnarlækni að hugað verði sérstaklega að fermingum vorsins, við undirbúning þeirrar reglugerðar sem tekur við af þessari.

Stóru fréttirnar í nýju reglugerðinni eru að fjöldi við **útfarir** má að hámarki vera **100 manns** frá og með morgundeginum, 13. janúar. Við ítrekum auðvitað að gætt sé að öllum sóttvörnum við þær viðkvæmu athafnir, 2 m reglu og grímuskyldu.

Við endurtökum að þessu sinni þá staðfestingu sem fékkst frá landlæknisembættinu þess efnis að kirkjulegt starf með börnum á leik- og grunnskólaaldri má hefjast með þeim takmörkunum sem *reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar* frá 21. desember sl. setur, sjá hér: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=72703eb0-47b7-4de1-8723-5ef869658e81>. Sú reglugerð gildir út febrúarmánuð.

Eins og áður hefur komið fram gilda þær reglur um kórastarf sem áður hafa verið kynntar, með þeim rýmkunum sem nú eru auglýstar.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,

Solveig Lára Guðmundsdóttir,  
starfandi biskup Íslands.